

## Svör við samráðsspurningum PFS Úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp FM og DAB.

**Efni skjals:** Svar við fyrirspurn PFS.

**Dags:** 15. maí 2017

**Höfundur:** Gunnar Ingvi Þórisson

### Svör við samráðsspurningum PFS – úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp FM og DAB.

Eftirfarandir eru svör og athugasemdir 365 miðla vegna samráðsspurninga PFS um úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp FM og DAB.

**Spurning 1:** Ef boðið yrði upp á viðbótartíðni fyrir sömu dagskrá á höfuðborgarsvæðinu til að dekka svæði sem koma illa út í dag, hvaða hljóðvarpsstöðvar myndu þá óska eftir viðbótartíðni og þá á hvaða svæði, með hvaða staðsetningu sendis og hvaða sendiafli?

#### Svar 365 miðla:

365 telur mikilvægt að stjórnvöld tryggi að til séu sendistaðir eða svæði fyrir sendistaði sem henta fyrir útvarpsdreifingu. Eins og fram kemur í erindi PFS um samráð eiga sendistaðir undir högg að sækja og eru í raun að víkja fyrir íbúðarbyggð. Á móti er ekki tryggt að útsendingargæðum sé viðhaldið og því eru aðilar farnir að óska eftir auka tíðniúthlutun til þess að geta sent út á sama svæði, en frá öðru sjónarhorni. Slíkt er afar óheppilegt eins og kom fram. Ekki verið að tryggja hagkvæma nýtingu á tíðnisviðinu eða öryggi útsendingar. Það er því ljóst að grunnurinn að því að tryggja hagkvæma nýtingu á tíðnisviðinu, gæði og öryggi er að tryggja að sendistaði séu til staðar. Með úthlutun á fleiri en einni tíðni fyrir sömu útvarpsstöðina þýðir það að það er ekki hægt að tryggja öllum aðilum sömu gæði í útsendingu.

---

**Spurning 2:** Hafa aðilar hug á að setja í gang nýjar dagskrár á höfuðborgarsvæðinu á næstunni og með hvaða sendistað í huga?

#### Svar 365 miðla:

365 er ekki með í huga að svo stöddu að setja fleiri útvarpsstöðvar í loftið en áskilur sér allan rétt til þess að skipta um skoðun.

---

**Spurning 3:** Er áhugi hjá hljóðvarpsstöðvum á að setja upp DAB-hljóðvarpssenda eða að kaupa aðgang að slíkum útsendingum fyrir sína dagskrá ef það stæði til boða.

**Svar 365 miðla:**

365 hefur áhuga á að skoða nánar dreifingu á núverandi útvarpsstöðvum yfir DAB eða DAB+ dreifileið með fyrirvara um kostnaðargreiningu. Slík dreifing myndi að öllu líkindum takmarkast við höfuðborgarsvæðið í fyrstu. Hafa ber í huga að DAB dreifing eykur ekki hlustun. Það þýðir að tekjur útvarpsstöðva aukast ekki með tilkomu DAB dreifingar en kostnaður mun augljóslega aukast. Mikilvægt er að uppboð á DAB tíðnisviði sé þannig háttað að gjöldum vegna tíðnisviðs sé stillt í hóf eða sé núverandi stöðvum að kostnaðarlausu að fá DAB tíðni úthlutað. Núverandi stöðvar þurfa að hafa greiðan aðgang að DAB tíðnisviðinu hvort sem tekið sé þátt í útboði nú eða síðar t.d. með að tíðni sé frátekin eða forgangsréttur sé til staðar. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að helsta notkun á DAB mun vera í bifreiðum en ekki á heimilinum. Innleiðing á DAB mun taka áratug þar sem bílafloki Íslendinga styður almennt ekki DAB í dag. Við teljum að sala á FM útvarpstækjum sé lítil sem engin, sama verður um DAB tæki. Hlustendur fjárfesta frekar í „Bluetooth og Wifi“ hátölurum til að hlusta innan heimilis og/eða með snjalltækjum.

Ef horft er til DAB sem lausn á lélegum sendistöðvum þá ber að hafa í huga að fleiri sendistaðir þýðir meiri kostnaður. Lélegir sendistaðir þýðir líka aukinn kostnaður. Það mætti spyrja sig hvort að á næstu 10 árum verði ekki aukning í hlustun á útvarp yfir netið úr bílum frekar en yfir DAB+ t.d. með tilkomu Apple CarPlay and Android Auto. Ávinningurinn er betri gæði yfir DAB en yfir FM en vandamálið er aukinn kostnaður með takmarkaða aukningu á hlustendum.

Það er afar mikilvægt, ef DAB væðing á að heppnast ágætlega, að stjórnvöld tryggi sendistaði, stilli verði í útboðum, árgjöldum og öllum kostnaði í hóf. Stjórnvald þarf í raun að leita allra leiða til að vera brautryðjandi og hvetjandi í slíkri innleiðingu.